

Sp. 240. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á framfærslukostnaði embættismanna.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hve mikið raunverulega kostar að framfæra fjölskyldu í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum á landinu, þar sem slíkri rannsókn verður við komið, og skal rannsóknin miðuð við þá lifnaðarháttu, sem taldir eru hæfilegir fyrir embættismenn ríkisins.

Stjórnin lætur hagstofuna annast rannsókn þessa, og skal henni lokið áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, að svo miklu leyti, sem mögulegt er.

Greinargerð.

Launamál embættis- og starfsmanna ríkisins hefir reynzt mjög erfitt viðfangs fyrir Alþingi. Annarsvegar eru embættismennirnir, sem telja ekki mögulegt að framfæra sig og fjölskyldur sínar á þeim launum, sem þeim eru ætluð, en hinsvegar er ríkið og fjöldi manna, sem vilja ekki fallast á kröfur embættismanna um bætt kjör, ýmist af því að ríkið geti ekki borið hærri gjöld til þessa, eða af því, að launin eru talin nægilega há. Eru jafnvel til raddir í þá átt, að lækka mætti launin.

Úr þessu getur ekkert skorið annað en óhlutdræg rannsókn á staðreyndum. Eftir að fallizt hefir verið á, að embættismenn eigi sjálfs sin og ríkisins vegna að hafa einhverja ákveðna lifnaðarháttu, t. d. um húsnæði, klæðaburð o. fl., hlýtur að vera hægt að rannsaka með nokkurn veginn nákvæmni, hvað mikið kostar að framfæra t. d. 5 manna fjölskyldu. Og niðurstöður rannsóknarinnar hljóta að verða mikilsverður grundvöllur til að byggja á frekari umræður og aðgerðir.